

156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal 309 — 148. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, nr. 160/2008 (heiti stofnunar).

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, ÖBÍ réttindasamtökum og Blindrafélaginu.

Umfjöllun nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lagt til breytt heiti þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Lagt er til að nýtt heiti stofnunarinnar verði Sjónstöðin.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram almenn ánægja með þá breytingu sem er lögð til með frumvarpinu. Heiti stofnunarinnar er í dag langt og óþjálmt, en sú tillaga sem fram kemur í frumvarpinu hins vegar lýsandi og nú þegar notast við þegar vísað er til stofnunarinnar í daglegu tali.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 31. mars 2025.

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, Jónína Björk Óskarsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson.
form. frsm.

Eiríkur Björn Björgvinsson. Rósa Guðbjartsdóttir. Sigríður Á. Andersen.

Eydis Ásbjörnsdóttir. Njáll Trausti Friðbertsson. Ingibjörg Isaksen.